# Ævisögur og endurminningar lækna



**Ólafur Þ. Jónsson**
læknir



**Bragi Þorgrímur Ólafsson**
sagnfræðingur
handritadeild
Landsbókasafnsins

## Inngangsorð

Ævisögur og endurminningar eru vinsælt lesefni hér á landi eins og kunnugt er. Frásagnir af læknum eru allmargar í þeim flokki og kemur þar væntanlega ýmislegt til. Margir læknar hafa lifað viðburðaríku lífi, kynnst fjölda fólks og aðstæðum þess, barist við alvarlega sjúkdóma og slys, stundað vísindarannsóknir og átt þátt í framförum á sviði læknisfræði og heilbrigðismála. Margir hafa gegnt opinberum störfum og embættum og sinnt margvíslegum félags- og trúnaðarstörfum. Flestir hafa dvalist erlendis um lengri eða skemmri tíma við nám og störf og farið víða um lönd.

Hér á eftir er gerð samantekt á flestu því sem vitað er um að hafa verið gefið út af þessu efni, þó innan ákveðinna marka sem gert verður grein fyrir. Ef til vill er þó eitthvað efni sem hér vantar.

## Endurminningar, ævisögur og sjálfsævisögur

Sigurður Gylfi Magnússon sagnfræðingur hefur rannsakað íslenskar ævisögur og endurminningarit í nýlegum ritum sínum. (Fortíðardraumar. Sjálfsbókmenntir á Íslandi, Háskólaútgáfan 2004 og Sjálfssögur. Minni, minningar og saga, Háskólaútgáfan 2005) Hann kallar þennan efnisflokk sjálfsbókmenntir og skilgreinir þær á eftirfarandi hátt: „Sjálfsævisögur þar sem höfundurinn er jafnframt aðalpersónan, endurminningarit þar sem höfundurinn er annar eða önnur en aðalpersónan, samtalsbækur sem eru yfirleitt samvinna tveggja með aðgreindum spurningum, skáldævisögur þar sem höfundurinn telur sig ekki þurfa að fylgja sannfræði ævi sinnar og loks eru ævisögur þar sem aðalpersónan er fallin frá.“ (Fréttablaðið 19. nóvember 2004).

Þá hefur Sigurður skipt sjálfsbókmenntum í nokkra undirflokka: Pólitísk sjálfssögurit, réttlætingarrit, áróðursrit, játningarit, uppgjörsrit, lífs-
ferilsrit, sagnarit, fortíðarglýjurit, verðmætavörslurit, sjálfsdýrkunarrit, hnattvæðingarit, lífsreynslusögur, ferðasögur, óbirtar sjálfsævisögur út frá þeim hvötum sem lágu skrifunum að baki. Hann tekur jafnframt fram að slík afmörkun sé eingöngu gerð til þess að auðvelda umfjöllun um sjálfsbókmenntir. Önnur efnisafmörkun komi einnig til greina sem þá væri byggð á nýjum forsendum. (Sjálfssögur, bls. 132-178).

## Afmörkun

Þessi samantekt nær til ævisagna og endurminninga íslenskra lækna frá upphafi og fram til loka ársins 2006. Nokkur vandi var á höndum varðandi ramma þessarar samantektar, enda mikið efni sem liggur til grundvallar. Ákveðið var því að miða skrána við eftirtalin atriði:

- Bækur (Sjálfsævisögur/endurminningarit)
- Ævisögukafla sem birst hafa í safnritum
- Ævisögukafla sem birst hafa í tímaritum á borð við Andvara og Skírni

Ekki var talið fært að taka hér með viðtöl eða frásagnir sem birst hafa í blöðum eða tímaritum (að Andvara og Skírni undanskildum) enda erfitt að finna allt slíkt efni og margt hefði væntanlega orðið útundan. Þá ber að taka fram að í þessari skrá er ekki að finna minningargreinar eða afmælisrit um lækna sem hafa birst í Læknablaðinu, enda er það efni aðgengilegt. Nokkrar undantekningar eru þó gerðar á þessum meginreglum.

## Efniviður

Í lok fyrrnefndrar bókar Sigurðar Gylfa, Fortíðardraumar, er viðauki eftir Moniku Magnúsdóttur bókasafnsfræðing þar sem er að finna skrá um bókmenntir eftir fyrrnefndri flokkun frá upphafi slíkrar útgáfu hér á landi fram til ársins 2004. Skrá hennar nær yfir útgefin rit í bókarformi og aðeins fyrstu útgáfu þeirra. Eru þar alls talin 1089 rit og voru læknar þar 3% höfunda sjálfsævisagna og endurminningarita. Hér á eftir er talsvert stuðst við skrá Moniku, en einnig var bætt við endurminningum og ævisögum lækna sem birst hafa sem sjálfstæðir bókarkaflar í ýmsum æviminningaritum og sem greinar í nokkrum tímaritum eins og áður sagði. Í þessum tilgangi var leitað fanga í Gegni, bókasafnskerfi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns, Læknablaðinu, ritinu Læknar á Íslandi, tímaritunum Læknanemanum, Andvara, og Skírni, í bókaflokknum Merkir Íslendingar og nokkrum fleiri ritum.

## Uppbygging

Í þeirri skrá sem hér fer á eftir var til hagræðis fyrir lesendur ákveðið að hafa nöfn læknanna í stafrófsröð en ekki höfunda ritanna ef þeir voru aðrir en læknar. Í skránni eru tekin með almenn bókfræðileg atriði. Flest rit þau sem hér eru talin eru gefin út í Reykjavík og þá er ekki getið um

útgáfustað þeirra, en séu þau gefin út annars staðar er þess getið. Þá er heiti sjálfstæðra kafla í safnritum ekki tilgreint sérstaklega.

Mörg þessara rita er víða að finna í bókasöfnum en önnur eru aðeins til í Landsbókasafni eða bókasafni Seðlabankans.

### Aldursdreifing og kynjaskipting

Elstur þeirra lækna sem hér eru taldir er Hrafn Sveinbjarnarson (f. um 1170) en yngstir eru Gísli H. Sigurðsson og Kári Stefánsson báðir fæddir 1949. Ekki er kunnugt um ævisögur eða endurminningarrit lækna sem fæddir eru eftir 1950. Samantekt þessi nær til ársloka 2006.

Sjö læknar eru fæddir fram til ársins 1800, þrír eru fæddir 1801-1850, frá 1851-1900 eru 42 og 35 eru fæddir 1901-1950. Allir þessir læknar eru taldir í ritinu Læknar á Íslandi (Gunnlaugur Haraldsson: Læknar á Íslandi, 4. útgáfa, Þjóðsaga 2000) en þar eru samtals taldir 2022 læknar. Hér eru taldir 87 eða rúmlega fjórir af hundraði. Læknum hefur fjölgað talsvert frá því að Læknar á Íslandi kom út árið 2000 og því lækkar þessi hundraðstala sem því nemur.

Athyglisvert er að í þessum hópi er aðeins kona, Kristjana Helgadóttir (f. 1921). Í því sambandi má benda á að örfáar konur voru í læknastétt fyrir 1950.

Vafalaust eru margir sem þekkja til þeirra rita sem hér eru talin en aðrir sem áhuga hafa á því sem ritað hefur verið um líf og störf lækna kynnu að sækja hér nokkurn fróðleik og hafa gagn af.

## Skrá

- **Árni Árnason f. 1885**
  Leifturmyndir frá læknadögum. Minningaþættir héraðslækna. Þorsteinn Matthíasson skráði og safnaði. Bókamiðstöðin 1970: 123-35.
- **Árni Björnsson f. 1923**
  Fimm læknar segja frá. Minningar úr lífi og starfi fimm þekktra lækna. Önundur Björnsson tók saman. Setberg 1995: 151-205.
- **Árni Vilhjálmsson f. 1894**
  Leifturmyndir frá læknadögum. Minningaþættir héraðslækna. Þorsteinn Matthíasson skráði og safnaði. Bókamiðstöðin 1970: 13-32.
- **Bjarni Hannesson f. 1938**
  Horfst í augu við dauðann. Tólf Íslendingar segja frá afdrifaríkum atburðum. Guðmundur Árni Stefánsson og Önundur Björnsson skráðu. Setberg 1983: 110-32.
- **Bjarni Jensson f. 1857**
  Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 9-28.
- **Bjarni Jónsson f. 1909**
  Á Landakoti. Setberg 1990. 256 bls.
- **Bjarni Konráðsson f. 1915**
  Æviágrip og viðtal eftir Elínu Ólafsdóttur, Jónas Ragnarsson, Matthías Kjeld og Þorvald Viðar Guðmundsson. Gefið út í tilefni 40 ára afmælis rannsóknadeildar Landspítalans og sögusýningar um lækningarannsóknir á Íslandi, haldin í Landsbókasafni - Háskólabókasafni 1998.
- **Bjarni Pálsson f. 1719**
  1. Sveinn Pálsson. Ævisaga Bjarna Pálssonar. Formáli eftir Sigurð Guðmundsson. Árni Bjarnason. Akureyri 1944. 115 bls.
  2. Jón Steffensen. „Bjarni Pálsson og samtíð hans." Andvari 1960; 85: 99-116.
  3. Steindór Steindórsson. Íslenskir náttúrufræðingar. Menningarsjóður 1981: 65-81.
  4. Menning og meinsemdir. Ritgerðasafn eftir Jón Steffensen. Sögufélag 1975: 216-34.
  5. Sveinn Pálsson. Ævisaga Bjarna Pálssonar. Leirárgörðum 1800. 112 bls.
- **Bjarni Snæbjörnsson f. 1889**
  Læknar segja frá. Úr lífi og starfi átta þjóðkunnra lækna. Gunnar G. Schram skráði. Setberg 1970: 65-92.
- **Björgúlfur Ólafsson f. 1882**
  Æskufjör og ferðagaman. Endurminningar. Snæbjörn Jónsson 1966. 302 bls.
- **Björn Guðbrandsson f. 1917**
  Minningar barnalæknis. Lífssaga Björns Guðbrandssonar. Matthías Viðar Sæmundsson skráði. Forlagið 1987. 178 bls.
- **Björn Jónsson f. 1920**
  1. Veraldarsaga Sauðkræklings, minningar Björns Jónssonar læknis. 1. Glampar á götu. Skjaldborg 1989. 262 bls.
  2. Veraldarsaga Sauðkræklings, minningar Björns Jónssonar læknis. 2. Þurrt og blautt að vestan. Skjaldborg 1990. 350 bls.
- **Björn Ólafsson f. 1862**
  Guðmundur Björnsson. Brugðið upp augum. Saga augnlækna á Íslandi frá öndverðu til 1987. Háskólaútgáfan 2001: 29-70.
- **Björn Sigurðsson f. 1913**
  1. Sigurbjörn Einarsson. Dr. Björn Sigurðsson. Minningarorð við útför hans 21. október 1959. Setberg 1959. 14 bls.
  2. Björn Sigurðsson dr. med. Ritverk 1936-1962. Reykjavík 1990: xiv-xxxii.
  3. Halldór Þormar. „Björn Sigurðsson." Andvari 1991; 116: 13-41.
- **Björn Önundarson f. 1927**
  Fimm læknar segja frá. Minningar úr lífi og starfi fimm þekktra lækna. Önundur Björnsson tók saman. Setberg 1995: 114-150.
- **Davíð Davíðsson f. 1922**
  1. Bók Davíðs. Rit til heiðurs Davíð Davíðssyni eftir 35 ára starf sem prófessor við Háskóla Íslands og yfirlæknir á Landspítala. Fyrri hluti. Háskólaútgáfan 1996: xxiii-xcii.
  2. Frá liðnum tímum og líðandi. Pétur Hafstein Lárusson tók saman. Skjaldborg 2002: 9-53.
- **Erlingur Þorsteinsson f. 1911**
  1. Æviminningar Erlings Þorsteinssonar læknis. Iðunn 1990. 259 bls.
  2. „Erlingur Þorsteinsson segir frá". Læknablaðið 1995; 83; Fylgirit 29: 5-42.
- **Esra Pétursson f. 1918**
  Ingólfur Margeirsson, Sálumessa syndara. Ævi og eftirþankar Esra S. Péturssonar geðlæknis og sálkönnuðar. Hrísey 1997. 272 bls.
- **Friðrik Einarsson f. 1909**
  Gylfi Gröndal. Læknir í þrem löndum. Endurminningar dr. Friðriks Einarssonar. Setberg 1979. 195 bls.
- **Gísli Hjálmarsson f. 1807**
  Sigurður Gunnarsson. Æviminning Gísla Hjálmarssonar læknis í Austfirðingafjórðungi. Kaupmannahöfn 1880. 36 bls.
- **Gísli Pálsson f. 1902**
  Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 243-55
- **Gísli H. Sigurðsson f. 1949**
  Ólafur E. Friðriksson. Læknir á vígvelli. Störf Gísla H. Sigurðssonar læknis í hernumdu Kuweit. Iðunn 1991. 256 bls.
- **Guðmundur Björnson f. 1864**
  1. Mánasilfur I. bindi. Gils Guðmundsson tók saman. Iðunn 1979: 94-100.
  2. Páll V.G. Kolka. „Guðmundur Björnson landlæknir." Andvari 1955; 80: 3-22. Einnig í Merkir Íslendingar. Nýr flokkur. II. bindi. Jón Guðnason bjó til prentunar. Bókfellsútgáfan 1963:199-220.
- **Guðmundur Hannesson f. 1866**
  1. Læknabókin. Helgafell 1949: 11-26.
  2. Níels Dungal. „Guðmundur Hannesson prófessor." Andvari 1958; 83: 3-36. Einnig í Merkir Íslendingar. Nýr flokkur. IV. bindi. Jón Guðnason bjó til prentunar. Bókfellsútgáfan 1965: 243-80.
  3. Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 83-108.
  4. Guðmundur Björnsson. Brugðið upp augum. Saga augnlækninga á Íslandi frá öndverðu til 1987. Háskólaútgáfan 2001: 71-86.
  5. Mánasilfur II. bindi. Gils Guðmundsson tók saman. Iðunn 1980: 92-101. Einnig í Skagfirskum fræðum 1945; VI. bindi: 12-44.
- **Guðmundur Magnússon f. 1863**
  1. Sæmundur Bjarnhéðinsson. „Guðmundur prófessor Magnússon læknir." Skírnir 1925; 79: 1-15. Einnig í Merkir Íslendingar. Nýr flokkur. I. bindi. Jón Guðnason bjó til prentunar. Bókfellsútgáfan 1962: 281-97.
  2. Guðmundur Thoroddsen. „Aldarminning. Guðmundur Magnússon prófessor." Læknablaðið 1963; 47: 122-31.
- **Guðmundur Thoroddsen f. 1887**
  1. Ferðaþættir og minningar. Erindasafnið II. Útvarpstíðindi 1943. 62 bls.
  2. Læknar segja frá. Úr lífi og starfi átta þjóðkunnra lækna. Gunnar G. Schram skráði. Setberg 1970: 129-47.
  3. Skúli Thoroddsen. Læknar segja frá. Úr lífi og starfi átta þjóðkunnra lækna. Gunnar G. Schram skráði. Setberg 1970: 149-68.
  4. Við sem byggðum þessa borg. Endurminningar níu Reykvíkinga. Vilhjálm S. Vilhjálmsson tók saman. Oddi 1957: 92-142.
  5. Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 203-14.
- **Gunnlaugur Claessen f. 1881**
  1. Sigurjón Jónsson. „Gunnlaugur Claessen." Andvari 78 (1953): 3-21. Einnig í Merkir Íslendingar. Nýr flokkur. VI. bindi. Jón Guðnason bjó til prentunar. Bókfellsútgáfan 1967: 217-37.
  2. Ásmundur Brekkan. „Upphaf röntgenlækninga á Íslandi. Brautryðjandinn." Læknablaðið 1995; 81: 783-9.
- **Haraldur Jónsson f. 1897**
  Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 235-42.
- **Helgi Ingvarsson f. 1896**
  1. Guðrún P. Helgadóttir. Helgi læknir Ingvarsson. Setberg 1989. 377 bls.
  2. Læknar segja frá. Úr lífi og starfi átta þjóðkunnra lækna. Gunnar G. Schram skráði. Setberg1970: 43-64.

- **Helgi Tómasson f. 1896**
  Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 215-34.
- **Hjalti Þórarinsson f. 1920**
  Glefsur. Minningabrot úr ævi og starfi læknis. Útgefandi Hjalti Þórarinsson 2006. 183 bls.
- **Hrafn Sveinbjarnarson f. um 1170**
  1. Hrafns saga Sveinbjarnarsonar. Edited by Guðrún P. Helgadóttir (doktorsrit) Oxford. Clarendon press 1987. 151 bls.
  2. Guðrún P. Helgadóttir. „Hrafn Sveinbjarnarson". Ársrit sögufélags Ísfirðinga 1984; 27: 69-77.
- **Hrafnkell Helgason f. 1928**
  Fimm læknar segja frá. Minningar úr lífi og starfi fimm þekktra lækna. Önundur Björnsson tók saman. Setberg 1995: 9-57.
- **Ingólfur Gíslason f. 1874**
  1. Læknisævi. Bókfellsútgáfan 1948. 276 bls.
  2. Læknabókin. Helgafell 1949: 98-129.
  3. Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 143-56.
- **Jóhann J. Kristjánsson f. 1898**
  Leifturmyndir frá læknadögum. Minningaþættir héraðslækna. Þorsteinn Matthíasson skráði og safnaði. Bókamiðstöðin 1970: 39-122.
- **Jón Árnason f. 1889**
  Leifturmyndir frá læknadögum. Minningaþættir héraðslækna. Þorsteinn Matthíasson skráði og safnaði. Bókamiðstöðin 1970: 151-64.
- **Jón Bjarnason f. 1892**
  Merkir Borgfirðingar. Eiríkur Albertsson tók saman. Prentsmiðjan Leiftur 1959: 66-81.
- **Jón Blöndal f. 1873**
  Merkir Borgfirðingar. Eiríkur Albertsson tók saman. Prentsmiðjan Leiftur 1959: 82-96.
- **Jón Hjaltalín f. 1807**
  Halldór Kr. Friðriksson. "Æviágrip landlæknis Dr. Jóns Hjaltalín." Andvari 1885; 11: 1-19. Einnig í Merkir Íslendingar. I. bindi. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Bókfellsútgáfan 1947: 81-93.
- **Jón Sigurðsson f. 1853**
  Finnbogi Rútur Magnússon. Jón Sigurðsson héraðslæknir. Ísafoldarprentsmiðja 1887. 16 bls.
- **Jón Steffensen f. 1905**
  1. „Ég vildi ekki láta menn fara þekkingarlausa út." Viðtal við Jón Steffensen. Læknablaðið 1988; 74: 189-210.
  2. Elín Ólafsdóttir, Þorvaldur Veigar Guðmundsson. „Upphaf meinafræði á Íslandi, þáttur Jóns Steffensen prófessors." Læknablaðið 1990; 76: 363-73.
- **Jón Thorstensen f. 1794**
  Útfararminning Jóns Thorstensen Landlæknis Íslands, jústizráð og Doktors í Heimspeki. Kaupmannahöfn 1856. Gefið út á kostnað ekkjunnar. 67 bls.
- **Jónas Kristjánsson f. 1870**
  Benedikt Gíslason frá Hofteigi. Ævisaga Jónasar Kristjánssonar læknis. Náttúrulækningafélag Íslands 1987. 143 bls.
- **Jónas Sveinsson f. 1895**
  Lífið er dásamlegt. Minnisgreinar og ævisöguþættir. Ragnheiður Hafstein bjó til prentunar. Helgafell 1969. 223 bls.
- **Jósep Skaftason f. 1802**
  1. Útfaraminning Jóseps Skaftasonar hjeraðslæknis, Kanselíráðs R.Dbr. Útg. Sigmundur Guðmundsson 1878. 62 bls.
  2. Merkir Íslendingar. Nýr flokkur. VI. bindi. Jón Guðnason bjó til prentunar. Bókfellsútgáfan 1967: 1-32.
- **Kári Stefánsson f. 1949**
  Guðni Th. Jóhannesson, Kári í jötunmóð. Saga Kára Stefánssonar og Íslenskrar erfðagreiningar. Nýja bókaforlagið 1999. 280 bls.
- **Knútur Kristinsson f. 1894**
  Leifturmyndir frá læknadögum. Minningaþættir héraðslækna. Þorsteinn Matthíasson skráði og safnaði. Bókamiðstöðin 1970: 136-50.
- **Kristjana Helgadóttir f. 1921**
  Sextán konur. Ferill þeirra og framtak í nútíma hlutverkum. Gísli Kristjánsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1981: 43-54.
- **Kristján Jónsson f. 1862**
  Kristján Jónsson læknir. Gutenberg 1911. 62 bls.
- **Kristján Sveinsson f. 1900**
  Gylfi Gröndal. Æviminningar Kristjáns Sveinssonar augnlæknis. Setberg 1982. 238 bls.
- **Matthías Einarsson f. 1879**
  Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 175-84.
- **Niels R. Finsen f. 1860**
  1. Guðmundur Magnússon. „Niels R. Finsen" eftir Guðmund Magnússon. Skírnir 1905; 79: 41-7.
  2. Anker Aggebo. Ævisaga Niels Finsen. María Hallgrímsdóttir þýddi. Víkingsútgáfan 1941. 303 bls.
- **Níels Dungal f. 1897**
  1. M. Samtalsbók II eftir Matthías Johannessen. Almenna bókafélagið 1976: 139-55.
  2. Jónas Hallgrímsson. „Níels Dungal. Aldarminning." Læknablaðið 1998; 84: 238-45.
- **Oddur Hjaltalín f. 1782**
  Steindór Steindórsson. Íslenskir náttúrufræðingar. Menningarsjóður 1981: 119-38.
- **Oddur Ólafsson f. 1909**
  Gils Guðmundsson. Þegar hugsjónir rætast. Ævi Odds á Reykjalundi. Ísafold 1993. 332 bls.
- **Ólafur Björnsson f. 1915**
  Staðir og stefnumót. Þættir og viðtöl. Guðmundur Daníelsson tók saman. Prentsmiðja Suðurlands 1968: 155-63.
- **Ólafur Finsen f. 1867**
  Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 109-19.
- **Ólafur Ó. Lárusson f. 1884**
  Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 185-202.
- **Ólafur Ólafsson f. 1928**
  Vilhelm G. Kristinsson. Ólafur landlæknir. Vaka-Helgafell 1999. 340 bls.
- **Ólafur Thorlacius f. 1869**
  Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 121-41.
- **Páll V.G. Kolka f. 1895**
  1. Úr myndabók læknis. Setberg 1964. 286 bls.
  2. Læknar segja frá. Úr lífi og starfi átta þjóðkunnra lækna. Gunnar G. Schram skráði. Setberg 1970: 169-216.
- **Pétur Pétursson f. 1947**
  Fimm læknar segja frá. Minningar úr lífi og starfi fimm þekktra lækna. Önundur Björnsson tók saman. Setberg 1995: 58-113.
- **Sigurður Magnússon f. 1866**
  1. Æviminningar læknis. Hannes Pétursson annaðist útgáfuna. Iðunn 1985. 206 bls.
  2. Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 61-82.
- **Sigurður Samúelsson f. 1911**
  1. Læknar segja frá. Úr lífi og starfi átta þjóðkunnra lækna. Gunnar G. Schram skráði. Setberg 1970: 115-28.
  2. „Sigurður Samúelsson fyrrverandi yfirlæknir og prófessor". Læknablaðið 1995; 81; Fylgirit 30: 5-50.
- **Sigurður Sigurðsson f. 1903**
  Við manninn mælt. Valgeir Sigurðsson tók saman. Skjaldborg 1989: 89-104.
- **Sigvaldi Kaldalóns f. 1881**
  Bókin um Sigvalda Kaldalóns. Gunnar M. Magnúss skráði. Skuggsjá 1971. 212 bls.
- **Skúli Árnason f. 1865**
  Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 29-60.
- **Skúli Thoroddsen f. 1918**
  Læknar segja frá. Úr lífi og starfi átta þjóðkunnra lækna. Gunnar G. Schram skráði. Setberg 1970: 149-67.
- **Snorri Hallgrímsson f. 1912**
  Árni Björnsson. „Snorri Hallgrímsson." Andvari 2001; 126: 13-35.
- **Snorri P. Snorrason f. 1919**
  Ég vil lifa. Líf á bláþræði. Guðmundur Árni Stefánsson og Önundur Björnsson tóku saman. Veröld 1985: 9-44.
- **Stefán Jónsson f. 1881**
  Bók Davíðs. Rit til heiðurs Davíð Davíðssyni eftir 35 ára starf sem prófessor við Háskóla Íslands og yfirlæknir á Landspítala. Síðari hluti. Háskólaútgáfan 1996: 1001-108.
- **Steingrímur Matthíasson f. 1876**
  1. Annað líf í þessu lífi. Frá veru minni í Danmörku 1936-1945. Helgafell 1947. 114 bls.
  2. Læknabókin. Helgafell 1949: 130-4.
- **Sveinn Pálsson f. 1762**
  1. „Ævisaga Sveins læknis Pálssonar eftir hann sjálfan". Ársrit fræðafélagsins X, 1929: 1-57. Einnig í Merkir Íslendingar. III. bindi. Þorkell Jóhannesson bjó til prentunar. Bókfellsútgáfan 1949: 13-159.
  2. Jón Eyþórsson. „Um höfundinn og verk hans." Ferðabók Sveins Pálssonar. Jón Eyþórsson bjó til prentunar. Snælandsútgáfa 1945: xv-xxxii.
  3. Steindór Steindórsson. Íslenskir náttúrufræðingar. Menningarsjóður 1981: 97-117.
  4. Sveinn Pálsson. Icelandic ice mountains. (Jöklaritið). Formáli á ensku eftir Richard S. Williams Jr. og Odd Sigurðsson. Hið íslenska bókmenntafélag 2004: xviii-xxxvi.
  5. Þorvaldur Thoroddsen. „Sveinn Pálsson". Landfræðissaga Íslands. Hugmyndir manna um Ísland, náttúruskoðun og rannsóknir fyrr og síðar. 3. bindi. Önnur útgáfa. Ormstunga 2005: 116-43.
- **Sæmundur Bjarnhéðinsson f. 1863**
  Grær undan hollri hendi. Vilhjálmur S. Vilhjálmsson tók saman. Setberg 1964: 13-7.
- **Tryggvi Þorsteinsson f. 1923**
  Á æskuslóðum við Djúp. Vestfirska forlagið 2006. 185 bls.
- **Úlfar Þórðarson f. 1911**
  1. Unnur Úlfarsdóttir. Úlfar Þórðarson læknir. Æviminningar. Setberg 2001. 287 bls.
  2. Læknar segja frá. Úr lífi og starfi átta þjóðkunnra lækna. Gunnar G. Schram skráði. Setberg 1970: 7-42.
- **Úlfur Ragnarsson f. 1923**
  1. Læknar segja frá. Úr lífi og starfi átta þjóðkunnra lækna. Gunnar G. Schram skráði. Setberg 1970: 93-114.
  2. Lífsgleði. Frásagnir og minningar. IV. bindi. Þórir S. Guðbergsson tók saman. Hörpuútgáfan 1995: 139-45.
- **Valdimar Erlendsson f. 1879**
  Endurminningar frá Íslandi og Danmörku. Norðri 1950. 332 bls.
- **Vilmundur Jónsson f. 1889**
  Benedikt Tómasson. „Vilmundur Jónsson." Andvari. Nýr flokkur 1984; 26: 3-50.
- **Þorgeir Gestsson f. 1914**
  1. Fimm læknar segja frá. Minningar úr lífi og starfi fimm þekktra lækna. Önundur Björnsson tók saman. Setberg 1995: 206-51.
  2. Staðir og stefnumót. Guðmundur Daníelsson tók saman. Prentsmiðja Suðurlands 1968: 247-55.
- **Þorkell Arngrímsson f. 1629**
  Vilmundur Jónsson. „Inngangur". Lækningar (Curationes) séra Þorkels Arngrímssonar. Helgafell 1949: 11-393.
- **Þorsteinn Sigurðsson f. 1914**
  „Minningabrot Þorsteins Sigurðssonar læknis á Egilsstöðum". Læknablaðið 1996; 82; Fylgirit 32: 5-25.
- **Þorbjörn Þórðarson f. 1875**
  Læknabókin. Helgafell 1949: 217-24.
- **Þórarinn Tyrfingsson f. 1947**
  Það hálfa væri nóg. Lífssaga Þórarins Tyrfingssonar læknis. Skráð af Guðrúnu Guðlaugsdóttur. Örn og Örlygur 1990. 167 bls.
- **Þórður Oddsson f. 1910**
  Aldnir hafa orðið. 18. bindi. Erlingur Davíðsson skráði. Skjaldborg 1989: 323-62.
- **Þórður Sveinsson f. 1874**
  Faðir minn læknirinn. Hersteinn Pálsson bjó til prentunar. Skuggsjá 1974: 157-74.
- **Þórður Vídalín f. 1661**
  Steindór Steindórsson. Íslenskir náttúrufræðingar. Menningarsjóður 1981: 33-40.